

Um handbókina

Hér í handbókinni er farið yfir helstu þætti sem að snúa beint að starfsmönnum Kjötafurðastöðvar KS, s.s. umgengnisreglur, öryggismál, gæðamál og reglur um tilkynningu á fjarveru.

Nýr starfsmaður fær afhenta handbók um leið og hann fær aðgangsslykil og er honum skylt að skrifa undir móttöku á handbókinni. Með móttöku á handbókinni hefur starfsmaður samþykkt að kynna sér og hlíta öllum þeim reglum sem teknar eru fram hér í bókinni. Tilvísun í handbókina er í ráðningasamningi og/eða samningi við verktaka sem að starfsmaður jafnframt skrifar undir.

Öllum eldri starfsmönnum ber að rifja upp reglulega þau atriði sem kynnt eru í handbókinni.

Allir stjórnendur Kjötafurðastöðvar eru ábyrgir fyrir því að þessum reglum sé framfylgt og ber að grípa til viðeigandi ráðstafana verði þeir varir við brotalöm á þessum reglum. Allir verkstjórar og sérhæfðir starfsmenn skulu fylgjast með hver á sínu vinnusvæði.

Um fyrirtækið

Kjötafurðastöð KS er matvælafyrirtæki og starfar sem deild innan Kaupfélags Skagfirðinga. Fyrirtækið leggur áherslu á slátrun á sauðfé, nautgripum og hrossum. Einnig sögun, úrbeiningu og pökkun þessara afurða.

Kjötafurðastöð KS er framsækið og öflugt fyrirtæki með kraftmikið starfslið. Fyrirtækið er nútímafyrirtæki sem nýtir sér nýjustu tækni og þróun í kjötiðnaði. Kjötafurðastöðin kappkostar að veita viðskiptavinum um allt land góða þjónustu. Samskipti við umheiminn eru fyrirtækinu mikilvæg í formi þekkingaröflunar, tækjabúnaðar, útflutnings á vörum og einnig kemur starfsfólk víða að.

Á ársgrundvelli starfa hjá fyrirtækinu um 35 starfsmenn. Í slátureldi eru starfsmenn um 170. Ýmis verkefni eru utan slátureldar og er starfsmannafjöldi misjafn frá slátureldi fram til jóla.

Starfsmannamál

Ráðning og fræðsla nýrra starfsmanna

Kjötafurðastöð KS leggur áherslu á að ráða áhugasamt og traust starfsfólk. Nýjum starfsmönnum er kynnt stefna fyrirtækisins með handbókinni ásamt starfsumhverfi, öryggisþáttum, reglum og markmiðum sem þeim ber að fara eftir. Handbókin er mikilvægur hluti nýliðafræðslu fyrirtækisins auk þess sem starfsmenn fá frekari fræðslu hjá verkstjóra á sínu vinnusvæði. Í starfsmanninngangi hanga uppi ýmsar upplýsingar s.s. skipurit, upplýsingar um helstu stjórnendur, öryggisfulltrúa o.fl. sem starfsmönnum ber að kynna sér.

Kjaramál og vinnutími

Launakjör og réttindi fara eftir gildandi kjarasamningum. Tekið er tillit til frammistöðu, ábyrgðar og árangurs í starfi þegar laun eru ákvörðuð. Gengið er frá öllum ráðningum með formlegum hætti.

Kjötafurðastöðin leggur áherslu á að starfsmenn séu stundvísir og séu mættir á sitt vinnusvæði við upphaf vinnutíma. Komi starfsmaður of seint til vinnu, á hann ekki kröfu til kaups fyrir þann stundarfjórðung er hann mættir í né fyrir þann tíma sem áður er liðinn. Tilkynna þarf veikindi og aðra fjarveru samkvæmt settum reglum (sjá reglur um tilkynningu veikinda og aðra fjarveru, hér síðar í handbókinni). Starfsmönnum ber að stunda vinnu sína samkvæmt ráðningasamningi eða samkvæmt samkomulagi við stjórnendur.

Starfsmönnum ber að fara eftir ákvæðum kjarasamninga um 11 tíma lágmarkshvöld á milli vakta. Starfsmenn bera ábyrgð á eigin inn- og útstimplun og ber að tilkynna ef skráning hefur misfarist. Algert bann er við inn- og útstimplun fyrir aðra en sjálfan sig.

Jafnrétti

Stefna afurðastöðvarinnar er að gæta fyllsta jafnréttis kynjanna. Hver starfsmaður er metinn á eigin forsendum við ráðningu svo að tryggt sé að mannaúður nýtist fyrirtækinu sem best. Greidd eru jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Konur og karlar eiga jafnan aðgang að starfsmenntun, námskeiðum og þjálfun. Kynþáttafordómar, kynferðisleg áreitni, einelti eða önnur slík mismunun er ekki liðin. Tekið er á slíkum málum sérstaklega. Kjötafurðastöð KS hefur hlotið Jafnlaunavottun frá Jafnréttisstofu.

Upplýsingar, þekking, þróun og samskipti

Stefna Kjötafurðastöðvarinnar er að veita sem bestar upplýsingar með starfsmannafundum og upplýsingaskjá í matsal sem er uppfærður reglulega með tilkynningum til starfsmanna. Afurðastöðin vill nýta þekkingu starfsmanna í þróun og allri uppbyggingu fyrirtækisins. Veita og hvetja starfsmenn til aukinnar fræðslu, með námskeiðum og námi sem skilar fyrirtækinu hæfari og ánægðari starfsmanni. Starfsmönnum ber að sýna hverjum öðrum svo og viðskiptavinum virðingu og kurteisi. Gagnkvæmar kröfur um traust og trúnað eru á milli fyrirtækis og starfsmanna.

Starfsánægja

Kjötafurðastöðin leggur áherslu á að góður starfsandi ríki, jákvætt viðhorf og vellíðan starfsmanna. Ávallt er tekið tillit til fjölskylduadstæðna hverju sinni. Frumkvæði, hvatning, hrós og umbun er mikilvægur þáttur í að auka velgengni fyrirtækisins og gera það áhugavert. Starfsmannaskemmtanir og félagslíf er nauðsynlegur liður í því að halda góðum vinnuanda.

Stjórnunarhættir

Yfirmönnum er skylt að halda í heiðri starfsmannastefnu fyrirtækisins og fylgja því að farið sé að öllum kröfum um lög og reglur sem að gilda hverju sinni. Starfsmaður er bundinn þagnarskyldu um hvað það eina sem hann verður áskynja í starfi sínu varðandi starfsemi vinnuveitanda og viðskiptavina hans. Miðlun upplýsinga og virkni starfsmanna er höfð að leiðarljósi.

Starfslok

Stefna Kjötafurðastöðvarinnar er að starfsmenn láti af störfum með jákvætt viðhorf gagnvart fyrrverandi samstarfsfélögum og fyrirtæki. Uppsögn ráðningasamnings getur orðið á hvorn veginn sem er að frumkvæði starfsmanns eða Kjötafurðastöðvarinnar. Yfirmanni ber að veita skriflega áminningu og gefa starfsmanni tækifæri á að tjá sig um mál ef um meintar ávirðingar í starfi er að ræða, nema ávirðingar séu svo alvarlegar að það réttlæti fyrirvaralausla uppsögn.

Starfslok sökum aldurs fer eftir samþykkt um starfslokaaldursmörk Kaupfélags Skagfirðinga.

Markmið

Markmið Kjötafurðastöðvarinnar er að gera vinnustaðinn áhugaverðan. Að allir starfsmenn séu virkir og taki þátt í skapa gott vinnuumhverfi. Að starfsmönnum líði vel í vinnunni og beri það með sér. Fyrirtækið kappkostar að vera í fararbroddi matvælafyrirtækja á sem flestum sviðum. Markmiðið er að viðhalda því sem áunnist hefur í öryggismálum á vinnustað en afurðastöðin hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi vinnuverndarstarf árið 2007. Gæða- og umhverfisstefna fyrirtækisins ber vott um frumkvæði og dug svo eftir því er tekið en árið 2015 fékk afurðastöðin umhverfisviðurkenningu Sveitafélagsins Skagafjarðar.

Stefnur

Starfsmanna-, eineltis- og jafnréttisstefnu Kaupfélags Skagfirðinga má finna í Starfsmannahandbók Kaupfélags Skagfirðinga.

Umgengnisreglur

Persónulegt hreinlæti

Starfsmenn þurfa að gæta þess að passa uppá persónulegt hreinlæti og mæta þrifalegir til vinnu og í hreinum fatnaði sem hæfir matvælavinnslu. Æskilegt er að starfsmenn beri ekki á sig sterk ilmefni fyrir vinnu svo skapist ekki ónot fyrir aðra starfsmenn eða hætta á mengun vöru. Starfsmenn skulu þvo og sótthreinsa hendur áður en þeir fara inn á vinnslusvæðin.

Persónuleg lyf

Ekki er leyfilegt að taka með sér persónuleg lyf inn í vinnslusali, þau skal geyma í skápum starfsmanna.

Neglur

Starfsmönnum í vinnslusölum er óheimilt að vera með naglalakk, naglaskraut eða gervineglur sem geta losnað. Halda skal nöglum stuttum og hreinum.

Skartgripir

Óheimilt er að vera með úr, armbönd, hálsmen, hringa, lokka af öllum gerðum eða nokkuð annað sem losnað getur og glatast í vinnslurýmum Kjötafurðastöðvar. Eina undantekningin er vegna giftingar- og trúlofunarhringa án steina.

Vinnufatnaður

Hárnet og skegghlífar eru notaðar í slátursal og öllum vinnslurýmum. Hárnet og skegghlíf skal hylja allt hár og er ávallt sett fyrst upp áður en farið er í annan vinnufatnað. Starfsmenn í vinnslu klæðast viðeigandi hlífðarfatnaði, sloppum, samfestingum, svuntum eða gúmmíbuxum, eins og við á í hverju verki. Öryggisfatnaði, s.s. hjálmum, svuntum og hönskum, skal klæðast í viðeigandi störfum og rýmum. Hlífa skal taufatnaði með gúmmífatnaði þar sem við á. Taufatnað setja starfsmenn í þvott eftir þörfum. Gúmmífatnað þrifa starfsmenn sjálfir ef hægt er. Annars er hann settur í þvott. Öllum fatnaði með rennilás skal rennt upp áður en skilað er í þvott. Hanska þarf að þrifa eins og hendur. Starfsmenn þurfa að gæta þess að setja hanska í þvott að notkun lokinni eða í lok dags. Stranglega bannað er að breyta fatnaði s.s. rífa ermar af. Hafa skal samband við starfsmann þvottahúss með vinnufatnað við hæfi. Fara skal eftir umgengnisreglum þvottahúss. Skýr skil eru um skipti á vinnufatnaði eftir svæðum sem ber að fylgja.

Skófatnaður

Starfsmenn hafa til umræða skófatnað, stígvél, klossa og vinnuskó sem eingöngu eru ætlaðir til nota á vinnslusvæðum fyrirtækisins. Inniskó hafa starfsmenn til umræða sem ætlaðir eru til notkunar utan vinnslusvæða. Starfsmenn skipta um skó eins og skóskiptareglur segja til um og eru hindranir í gólfi og texti á veggjum til að minna starfsmenn á það. Starfsmenn hafa skóskipti milli úti (og mjög óhreinna innisvæða) og innisvæðis.

Fataskipti og samgangur milli vinnslurýma og utandyra

Starfsmenn skulu kappkosta við að lágmarka samgang milli vinnslurýma í fyrirtækinu. Starfsmenn í slátursölum verða að skipta um skóbúnað og hlífðarfatnað þegar þeir yfirgefa slátursali. Lágmarka þarf umgang um geymslurými. Umgengni milli inni og útisvæða er með öllu óheimil nema skipt sé um hlífðarfatnað. Starfsmenn mega ekki fara út á lóð fyrirtækisins nema þeir hafi farið úr hlífðar- og skófatnaði þar með töldum inniskóm, sem ætlaður er til nota innan veggja fyrirtækisins. Aðgangsstýrikerfi stýrir umferð um rými og innganga hússins.

Heyrnahlífar og eyrnatappar

Heyrnahlífar þarf að þrifa eins og annan hlífðarbúnað. Eyrnatappar eða heyrnatól verða að vera með bandi eða á spöng.

Símar og myndavélar

Leyfilegt er að nota síma til að tengjast heyrnatólum í þeim tilgangi að hlusta á streymisveitur, önnur notkun síma til persónulegra nota er með öllu óheimil nema með samþykki forstöðumanns. Símar eru leyfðir í matsal fyrirtækisins. Starfsmenn sem nota síma sem vinnutæki verða að skrifa undir notkunarreglur vinnusíma í vinnslusölum. Notkun myndavéla er bönnuð á vinnusvæðum.

Neysla matar, drykkja og notkun tyggigúmmís

Öll neysla matar og drykkjar, þar með talin kaffidrykkja, gosneysla o.s.frv. er óheimil í vinnslurýmum fyrirtækisins. Einnig flutningur brothættra drykkjaríláta í gegnum vinnslurými. Notkun tyggigúmmís er með öllu óheimil innan veggja fyrirtækisins sem og neysla sælgætis í vinnslurýmum.

Mötuneyti

Ganga skal þrifalega um mötuneyti og passa að sóa ekki mat sem í boði er. Flokka skal eftir því hvað við á. Starfsmenn skulu ekki vera í vinnufatnaði í matar- og kaffihléum.

Salerni

Salernisferðum skal stýra eins og kostur er inná matar- og kaffihlé. Með öllu er óheimilt að setja dömubindi/túrtappa og handþurrkur í klósettin. Óheimilt er með öllu að fara á salernið í vinnufatnaði.

Rafrettur, tóbaks- og vímuefnanotkun

Hverskonar notkun rafrettna, tóbaks eða annarra vímuefna er með öllu óheimil innan veggja fyrirtækisins eða á lóð þess. Reykingar eru eingöngu leyfðar í þar til gerðum reykskúr.

Iðnaðarmenn

Iðnaðarmönnum ber að hlíta sömu umgengnisreglum og starfsmönnum. Á vinnslutíma ber iðnaðarmönnum að fara í tilheyrandi hlífðarfatnað fyrir viðkomandi vinnslurými í samráði við gæðastjóra og gæta að skóskiptum. Iðnaðarmönnum ber að valda sem minnstum töfum á almennri starfsemi í fyrirtækinu.

Gestir

Sömu umgengnisreglur gilda fyrir gesti og fyrir starfsmenn. Gestir fara ekki inn á vinnslusvæðin nema í fylgd starfsmanns og á ábyrgð hans. Leyfi þarf að fá hjá yfirmanni ef um aðra heimsókn er að ræða en sem snýr beint að fyrirtækinu. Bílstjóra ber að meðhöndla eins og aðra gesti. Þeir verða að klæðast hlífðarfötum sem ætluð eru til nota fyrir þá, hárnetum, skófatnaði eða skóhlífum. Halda skal umgengni utanaðkomandi í lágmarki og ábyrgðaraðila ber að sjá til þess að gestir sem og aðrir valdi sem minnstri truflun hjá starfsmönnum.



Um gengni starfsmanna

Starfsmenn skulu kappkosta að ganga snyrtilega um fyrirtækið. Gangu frá eftir sig eins og þeir kjósa að koma að hlutunum sjálfir. Gangu frá sínu vinnusvæði, flokka rusl og taka til. Taka þátt í gróf þrifum ef beðið er um. Verði starfsmaður valdur af tjóni, vegna ásetnings eða gáleysis á búnaði eða húsnæði, ber hann kostnað af viðgerðinni.

Verbúðir

Ef starfsmaður dvelur í húsnæði á vegum fyrirtækisins ber honum að fara eftir almennum umgengnisreglum. Eftirlit er haft með umgengni í húsnæði meðan á dvöl stendur. Verði hann valdur af tjóni, vegna ásetnings og gáleysis á búnaði eða húsnæði, ber hann kostnað af viðgerðinni.

Myndavélavöktun

Húsnæðið er vakt með öryggismyndavélum, utanhúss og innan. Hlutverk vöktunarinnar er til eignavörslu og í öryggisskyni. Hægt er að vísa til öryggisupptaka ef um meintar ávirðingar í starfi er að ræða.



Öryggismál

Markmið

Kjötafurðastöð KS leggur ríka áherslu á að vinnuumhverfi starfsmanna sé heilsusamlegt og að öryggi starfsmanna sé ávallt gætt. Vélar og tæki eru undir ströngu eftirliti og yfirfarinn af eftirlitsaðila sem við á hverju sinni. Vinnusvæði séu vel merkt slyshættum og flóttaleiðum. Að starfsmenn hljóti tilskilda þjálfun á þau vinnutæki sem þeir starfa við. Starfsmönnum ber að hlíta öllum öryggisreglum fyrirtækisins.

Vinnuumhverfi

Á stórum vinnustað geta víða leynst slyshættur. Því er nauðsynlegt að starfsmenn haldi sig á sínu vinnusvæði og séu ekki að fara á milli vinnusvæða nema vegna vinnu sinnar. Nauðsynlegt er að fylgja reglum um notkun öryggisfatnaðar í hverju starfi fyrir sig og fara eftir hjálmaskyldu á mismunandi vinnusvæðum. Varast skal að valda öðru starfsfólki truflun við vinnu sína þar sem vinnutæki eru mismunandi og mörg hver varasöm. Viðhaldsmenn merkja þau tæki sem eru í viðgerð og geta valdið þeim eða öðrum skaða á meðan viðgerð stendur. Gólf geta verið varasöm og ber að líta vel í kring um sig, gæta að bleytu og hálfu og að fjarlægja alla lausa óþarfa hluti af gólfum s.s. kassa, bretti, snúrur eða annað slíkt. Fallslys eru algengustu vinnuslys í heiminum, hvort heldur sem er á jafnsléttu eða fall úr hæð. Ýmis varasöm efni eru notuð í afurðastöðinni og ber að varast þau og fá handleiðslu við notkun á þeim. Nauðsynlegt er að þeir sem meðhöndla slík efni, kynni sér hvar næsta augnaskolstöð, neyðarsturta og rennandi vatn eru. Öllum ber skylda að kynna sér rýmingaráætlun og flóttaleiðir.

Vinnutæki

Mörg tæki og vélar eru í afurðastöðinni sem ber að varast. Margir starfsmenn vinna með hnífa og klippur í höndunum og ber að fara varlega að þeim starfsmönnum og trufla ekki að óþörfu. Skurðahætta er mikil og verða starfsmenn að klæðast viðeigandi öryggisfatnaði, s.s. svuntum og hönskum og ganga úr skugga um að allar öryggishlífar á tækjum séu yfirfarnar. Sagir og sagarblöð krefjast sérstakrar varúðar og þurfa starfsmenn að fá tilskilda þjálfun á slík tæki. Nauðsynlegt er að þeir sem vinna við slík tæki færi sig reglulega til í starfi í samráði við sinn yfirmann. Við ýmis færribönd og vélar er viss klemmihætta. Hlífar sem varna fólki að það klemmist þarf að yfirfara áður en vinna hefst. Hafa ber í huga að við tilfærslur á skrokkum, kössum og brettum getur skapast klemmihætta. Hætta getur skapast þar sem gangandi umferð skarast á við umferð farartækja. Mjög góð regla er að lyftari flauti áður en ekið er í gegnum aksturshurð eða fyrir blint horn. Ökumaður lyftara verður að hafa tilskilið ökuleyfi og skal hann ávallt gæta að því að yfirfara tækið vel fyrir notkun þess og tryggja að allur öryggisbúnaður sé í lagi. Allir starfsmenn sem vinna með tölur eru kynntar reglum um tölvunotkun Kaupfélags Skagfirðinga.



Varúð
Hálka í bleytu



VARÚÐ
Hætta á að klemmast



Varúð
Beittir hnifar



Varúð
Lyftarar á ferð

Hollustuhættir

Kjötafurðastöðin hvetur starfsmenn til að stunda heilsusamlega hreyfingu utan vinnu, neyta ekki áfengis degi fyrir vinnu og huga vel að svefni. Heilbrigður lífsstíll eykur vellíðan í vinnu. Starfsmaður sem stundar hreyfingu utan vinnu og léttar æfingar á vinnutíma minnkar líkur t.d. á vöðvabólgu og allskyns stoðkerfavandamálum sem geta skapast af rangri líkamsbeitingu og einhæfum og endurteknum hreyfingum. Rétt líkamsbeiting og rétt verklag er mikilvægur þáttur í að viðhalda góðri heilsu og minnka fjarveru vegna álags. Nota skal öll þau tæki sem í boði eru til að auðvelda og létta vinnuna.



Munið rétta líkamsbeitingu

Þreyta sökum svefnleysis skerðir verulega athygli og einbeitingu og eykur líkur á mistökum og vinnuslysum. Því skulu starfsmenn temja sér góðar svefnvenjur og mæta úthvíldir til vinnu. Mikilvægt er að forðast örvandi efni, s.s. orkudrykki, kaffi og reykingar fyrir svefninn sem og áfengi og önnur vímuefni sem geta haft í för með sér verulega skerðingu á athygli mörgum klukkutímum eftir neyslu. Munið að augnabliks athyglisbrestur eða einbeitingarskortur getur haft varanleg áhrif, ekki bara á þig heldur líka þá sem eru í kring um þig. Hafa ber í huga að tilkynna skal næsta yfirmanni, ef grunur leikur á að annar starfsmaður sé undir áhrifum.

Vinnuslys og tilkynningar

Nýjum starfsmönnum eru kynntar helstu hættur og hvað beri að varst. Með réttri þjálfun og fræðslu minnka líkurnar á vinnuslysum. Helstu orsakavaldar vinnuslysa eru vegna tímapressu, starfsmaður ofmetur eigin reynslu og hæfni, utanaðkomandi truflun og þegar starfi er að ljúka fyrir vinnuhlé og í lok dags. Það er skylda hvers starfsmanns að láta vita ef hann kemur auga á eitthvað sem betur má fara. Nauðsynlegt er að skrá öll vinnuslys og öll næstum vinnuslys til að koma megi í veg fyrir frekari slys ef einhverju þarf að breyta eða laga í umhverfinu. Tilkynning vinnuslysa og næstum slysa er til öryggisfulltrúa.




Skyndihjálpar og brunavarnir

Mikilvægt er að starfsmenn kynni sér hvar sjúkrakassar, augnskolstöðvar, neyðarsturtur og slökkvitæki eru í sínu nánasta vinnuumhverfi. Skoða skal teikningar og merkingar sem eru upp settar víða í húsinu. Kjötafurðastöðin hvetur starfsmenn sína að sækja skyndihjálpar- og brunavarnarnámskeið. Fyrirtækið hefur styrkt og eða haldið námskeið fyrir starfsmenn sína. Nauðsynlegt er að viðhalda þekkingunni og sækja þau námskeið sem í boði eru.



Flóttaleiðir og söfnunarsvæði

Nauðsynlegt er að starfsmenn kynni sér neyðar- og rýmingaráætlanir Kjötafurðastöðvarinnar. Merkingar eru í gólf í þar sem óheimilt er með öllu að setja hluti s.s. bretti, bakka eða annað þvúmlíkt sem hindrar aðgengi að slökkvitækjum eða flóttaleiðum. Flóttaleiðir og söfnunarsvæði eru á teikningum sem starfsmenn skulu kynna sér.



Stefna

Öryggisstefnu Kaupfélag Skagfirðinga má finna í Starfsmannahandbók Kaupfélag Skagfirðinga.

Gæða- og umhverfismál

Markmið

Kjötafurðastöð KS hefur að markmiði að vera leiðandi í kjötiðnaði og uppfylla ávallt væntingar og þarfir viðskiptavina sinna og standast yfstrustu kröfur heilbrigðisreglugerða. Til að tryggja þau markmið er lögð áhersla á bestu mögulegu gæði hráefnis og afurða allt til neytenda. Starfsemi fyrirtækisins miðast við að hún samræmist kröfum um dýravernd, hollustu, neytendavernd, umhverfisvernd og starfsmannaöryggi. Ávallt er fylgt viðurkenndum verkferlum samkvæmt HACCP svo gæði vörunnar og hráefnis sé ávallt hámarkað. Kjötafurðastöð KS fylgir lögum og reglugerðum sem við eiga og í gildi eru.

Umhverfisþættir

Útg. dags: 15.08.2022, EP

Útg. 4

Umhverfisstefna fyrirtækisins gengur út á að vernda náttúru landsins og sýna umhverfinu og næsta nágrenni virðingu, að flokka og nýta afurðir að fullu svo skapist sem minnstur sorpúrgangur. Starfsmenn skulu kynna sér og fylgja reglum um flokkun afurða og flokkun á sorpi eins og við á hverju sinni.

Framkvæmd

Í þrífahandbók fyrirtækisins, koma fram skriflegar lýsingar á þrífum á húsnæði, búnaði og öðru því er kemst í snertingu við matvæli í Kjötöðvarðastöð KS. Lýsingar þessar eru þannig fram settar að hvert vinnslusvæði er tekið fyrir sig en þar kemur m.a. fram tíðni þrifa, hvernig forskolun er háttað, hvaða efni ber að nota við þrif og í hvað miklu magni. Þar kemur einnig fram hvernig eftirhreinsun eða gerileyðing er framkvæmd, hver ber ábyrgð á þrífum á viðkomandi stað.

Gæðaeftirlit

Eftirlit með þrífum fer fram í byrjun hvers vinnudags og eru þrif tekin út af gæðastjóra fyrirtækisins eða af starfsmönnum sem hann útnefnir. Við úttektina er skráð, á viðeigandi eyðublöð, hvernig þrífum er háttað í hverju rými og athugasemdir ef þarf. Niðurstöðunum er síðan komið áleiðis til þess aðila er sér um þrif.

Reglur um tilkynningu veikinda og aðra fjarveru

Tilkynna skal veikindi til: Framleiðslustjóra eða verkstjóra.

Læknisvottorðum skal skila til, sé þess óskað: Framleiðslustjóra eða aðstoðar framleiðslustjóra.

Almenn veikindi (skammtíma fjarvistir) og veikindi barna

Veikindi skal tilkynna á fyrsta degi, í upphafi vinnudags. Ef starfsmaður er lengur frá vinnu en einn dag þá ber honum að tilkynna veikindi á hverjum morgni sem hann er frá vinnu. Á þriðja degi veikinda getur yfirmaður farið fram á læknisvottorð ef þurfa þykir.

Ef starfsmaður þarf að fara heim úr vinnu vegna veikinda ber honum að tilkynna slíkt til næsta verkstjóra eða yfirmanns, sem kemur skilaboðum áleiðis. Það sama gildir um veikindi barna.

Slys og sjúkdómar eða önnur fjarvera samkvæmt lækni

Tilkynna skal fjarveru að læknisráði á fyrsta degi sem starfsmaður á að vera mættur til vinnu eða eins fljótt og kostur er á. Ef fjarvera er vituð fyrirfram, s.s. út af uppskurði eða slíku skal tilkynna um fjarveru sem fyrst og áætlaðan fjarverutíma. Í öllum slíkum tilfellum skal skila inn læknisvottorði.

Vinnuslys

Tilkynningu vinnuslysa skal vinna samkvæmt öryggisstefnu Kjötöðvarinnar (sjá í kafla Öryggismál, Vinnuslys og tilkynningar).

Sumarfrí og frí almenn

Hefðbundin sumarfrí eru skipulögð af yfirmönnum eftir því hvernig hentar starfsemi hverju sinni, innan hefðbundins sumarleyfistíma og kjarasamninga. Nánari upplýsingar eru á orlofsupplýsingablöðum sem gefin eru út snemma vors hvers árs.

Reynt er að fara eftir óskum starfsmanna til sumarfrístöku eins og kostur er.

Starfsmenn fylla út eyðublað um óskir sem skila þarf inn til framleiðslustjóra á tilsettum tíma. Krafa vinnuveitanda getur verið á starfsmenn um að taka sumarfrí á fyrirfram ákveðnum tíma, s.s. ef kemur til sumarlokunar eða til að dreifa sumarfríum yfir hefðbundinn sumarleyfistíma.

Óskir um frí utan hefðbundins sumarfrístíma þurfa að vera í samráði við yfirmann viðkomandi starfsmanns.

Almennt um fjarveru

Vegna veikinda getur yfirmaður haft samband við starfsmann og grennslast fyrir um líðan og hvenær starfsmaður er væntanlegur aftur til starfa ef þurfa þykir. Vinsamlegast kynnið ykkur ákvæði kjarasamninga um tilkynningu veikinda og veikindaréttindi starfsmanna. Hafið jafnframt samband við stéttarfélag ykkar ef um langvarandi fjarveru vegna slysa eða veikindi er að ræða.

Ef mikið er um skammtímafjarvistir getur yfirmaður krafist nánari útskýringa á fjarveru, innan ramma laga og kjarasamninga.

Nokkrir punktar



Starfsmannafélag Kjötafurðastöðvar KS við ráðningu er starfsmaður skráður í starfsmannafélagið sjálfkrafa, nema ef um tímabundna ráðningu sé að ræða.

Mötuneyti. Í sláturtíð fá starfsmenn frítt fæði á meðan á vinnu stendur.

Starfsmannaafsláttur. Starfsmönnum er veittur ákveðinn afsláttur af vörum fyrirtækisins.

Heimasíðan er www.ks.is, þar inni má sjá ýmsar upplýsingar, s.s. síma stjórnenda og fréttir tengdar Kjötafurðastöðinni.